

Tillaga um samfélagsgarða í skipulagi Hafnarfjarðar

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu:

1. Lagt er til að hafin verði vinna við að skipuleggja samfélagsgarða í öllum hverfum bæjarins. Samfélagsgarður er garður þar sem einstaklingar eða hópar rækta saman matjurtir eða annan gróður í sameiginlegu rými. Þessir garðar eru oft staðsettir á opnum svæðum í þéttbýli.

Þeir sameiginlegu matjurtagarðar sem þegar eru til staðar við Víðistaðatún og Öldutún verði settir á skipulag og unnið verði að endurhönnun þeirra, t.d. hvað varðar skjólsæld, fjölbreytileika og aðstöðu fyrir ræktendur og gesti.

2. Fundinn verði staður fyrir Nýlendugarða (Kolonihave) í upplandi Hafnarfjarðar, þar sem bæjarbúar geta fengið reiti til leigu til ræktunar auk möguleika á að setja upp aðstöðu svo sem lítil smáhýsi.

Norðurhluti Kjóadals gæti verið heppilegur staður, þar sem hægt væri að skapa skjólgóðan og birturíkan garð, en einnig mætti skoða aðrar staðsetningar í grennd eða jafnvel á Krýsuvíkursvæðinu.

Greinargerð:

1. Tilefni og þörf

Í samfélagi sem sífelld verður borgarvæddara og þéttara hefur þörfin fyrir græn svæði aldrei verið meiri. Samfélagsgarðar (eða grenndargarðar) er frábær lausn til að sameina náttúru, sjálfbærni og félagslega virkni á einum stað. Að setja upp slíka garða innan Hafnarfjarðar og nýlendugarða (Kolonihave) rétt fyrir utan bæinn gæti haft fjölmarga kosti, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild.

Hafnarfjörður hefur færri ræktunarkosti fyrir almenning en mörg sveitarfélög í nágrenninu, en nægt landrými er til staðar til að auka við ræktunaraðstöðu og tryggja aðgengi íbúa í öllum hverfum aðgang. Til staðar eru tveir matjurtagarðar, en þeir eru ekki sérlega aðlaðandi, engin aðstaða er fyrir gesti og ekki hefur verið

hugað að því að skapa skjól fyrir vindi. Auk þess eru garðarnir sem slíkir ekki inni á skipulagi Hafnarfjarðar.

Í nýrri hverfum s.s. Völlum og Hamranesi eru engir slíkir garðar.

2. Nánar um tillöguna

Samfélagsgarðar innan byggðar

Lagt er til að íbúar allra hverfa í Hafnarfirði fái aðgang að samfélagsgarði í sínu nærumhverfi. Nálægð garðanna geri íbúum kleift að komast þangað með vistvænum samgönguáferðum s.s. að ganga eða hjóla. Garðarnir verði festir í sessi með því að setja þá inn á skipulag.

Aðstaða verði betri en verið hefur í matjurtagörðum bæjarins. Aðgengi fyrir alla verði tryggt. Aðstaða verði fyrir gesti til að setjast niður, hugsanlega grillaðstaða og salernisaðstaða. Hugað verði vel að því að skapa skjól fyrir vindi til að auka gróðursæld og gera upplifun notenda betri. Sett verði viðmið um umgengni og snyrtimennsku.

Nýlendugarðar í upplandi

Það er alþekkt á Norðurlöndum að sköpuð eru svæði við mörk byggðar þar sem fjölskyldur geta komið sér upp sumarparadís með litlum tilkostnaði. Þetta fyrirbæri er t.d. mjög algengt í Danmörku og kallast þar Kolonihave. Slík aðstaða gefur færi á því að komast úr skarkala bæjarins án mikillar fyrirhafnar, rækta garð, koma sér upp skjóli s.s. smáhýsi, og njóta lífsins.

Í upplöndum Hafnarfjarðar er nægt rými fyrir slíka garða. Kjóadalur virðist einna heppilegastur fyrir slíkt verkefni en einnig mætti skoða Seldal eða jafnvel einhver svæði á Krýsuvíkurskíkanum.

Lagt er til að stærð einstakra garða og smáhýsa verði stillt í hóf og það verði ekki eins og stærst gerist á Norðurlöndum.

Setja þarf skilmála um notkun slíkra svæða s.s. um umgengni, aðstöðu sem má skapa sér og ganga þannig frá afnotasamningum að um sé að ræða tímabundna leigu á garði sem skapar ekki neins konar eignarrétt.

Góðar samgönguleiðir eru í upplöndin og t.d. er hægt að nota hinn frábæra hjólreiðastíg sem liggur meðfram Kaldárselsvegi.

Skapa þarf aðstöðu á staðnum á svipaðan hátt og í samfélagsgörðum innanbæjar, en huga þarf enn betur að því að gera svæðið skjólsælt þar sem umrædd svæði eru opin fyrir veðri og vindum í dag.

3. Félagslegir kostir samfélagsgarða

Samheldni og tengsl innan samfélagsins

Samfélagsgarðar eru frábær vettvangur fyrir fólk að hittast, deila þekkingu og vinna saman að sameiginlegu markmiði. Þeir styrkja tengsl milli ólíkra hópa, óháð aldri, þjóðerni eða félagslegri stöðu. Þátttaka í samfélagsgarði hefur ekki mikinn kostnað í för með sér og hún gefur því öllum tækifæri til ræktunar, óháð efnahag og aðstæðum.

Sparnaður fyrir heimili

Þeir sem taka þátt í samfélagsgörðum geta ræktað eigið grænmeti og ávexti, sem dregur úr kostnaði við matarkaup. Sérstaklega gæti þetta nýst fjölskyldum sem vilja borða hollt en hafa ekki mikil fjárráð.

Menntun og fræðsla

Slíkir garðar veita frábært tækifæri til fræðslu fyrir börn og fullorðna. Skólar geta nýtt garðana til kennslu í náttúrufræði, sjálfbærni og ræktun, en einnig er hægt að bjóða upp á námskeið um vistvæna ræktun fyrir áhugasama borgara.

Bætt lífsánægja og andleg heilsa

Garðyrkja hefur jákvæð áhrif á andlega heilsu og dregur úr streitu. Að vinna með höndunum, vera úti í náttúrunni og sjá árangur eigin vinnu getur haft mikil áhrif á líðan fólks.

4. Umhverfispættir

Loftslag

Samfélagsgarðar stuðla að bættu borgarumhverfi með því að skapa græn svæði innan þéttbýlisins. Tré, plöntur og grænmeti taka upp koltvísýring og framleiða súrefni, sem bætir loftgæði og stuðlar að heilbrigðara umhverfi fyrir íbúa.

Nauðsynlegt er að hafa trjágróðir við samfélagsgarða til þess að veita fólki og gróðri skjól. Öll ræktun innan bæjar og í nágrenni hans, þar sem trjágróður kemur við sögu eykur skjólsæld umhverfisins og stuðlar þannig að bættum veðurskilyrðum í bænum.

Minni matarsóun og aukin sjálfbærni

Með ræktun eigin matvæla geta íbúar minnkað matarsóun og dregið úr kolefnisspori tengdu flutningi matvæla. Samfélagsgarðar hvetja almennt til lífrænnar ræktunar og geta einnig stuðlað að jarðgerðarverkefnum, sem minnka úrgang og bæta jarðvegsgæði.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Grænir garðar laða að sér býflugur, fiðrildi og aðrar skordýrategundir sem eru nauðsynlegar fyrir frjóvgun plantna. Samfélagsgarðar geta einnig stutt við ræktun innlendra plantna og stuðlað að fjölbreyttu vistkerfi.